



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

7. fundur stjórnar 2023-2024 mánudaginn 18. desember 2023

kl. 15.00 - 16.00 á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ólafur Páll Jónsson varaformaður, Grétar Þór Eyþórsson gjaldkeri, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson.

Forföll: Guðný Björk Eydal.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Tillaga fjárlaganefndar HÍ um að leggja niður Sáttmálasjóð. Viðbrögð félagsins.
2. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.00.

1. Tillaga fjárlaganefndar HÍ um að leggja niður Sáttmálasjóð. Viðbrögð félagsins.

Fjármálanefnd HÍ hefur lagt fram tillögu um að leggja niður Sáttmálasjóð frá og með næstu áramótum. Tillagan er lögð fram með mjög stuttum fyrirvara án samráðs við félagið. Hólmfríður Garðarsdóttir og Silja Bára R. Ómarsdóttir lögðu fram bókun á fundi háskólaráðs þann 7. desember sl. þar sem fjármálanefnd var hvött til að draga til baka tillögu sína um að fjárveitingum í Sáttmálasjóð verði hætt frá komandi áramótum og að reglum um úthlutun styrkja úr sjóðnum verði felldar úr gildi. Sáttmálasjóður kom til sem hluti af kjarasamningum og á nú að skera niður í aðdraganda kjaraviðræðna án samráðs við fagfélög háskólans. Það tókst ekki að afgreiða málið í desember og var því frestað fram í janúar.

Rætt var um mikilvægi þess að félagið mótmæli harðlega enda um verulega kjaraskerðingu að ræða fyrir félagsfólk. Mikilvægt er að gera það sem fyrst áður en málið verður aftur á dagskrá háskólaráðs í janúar. Ákveðið var að formaður geri fyrstu drög að bréfi og sendir stjórn til samþykktar. HG hefur útbúið minnisblað sem nýtist í þá vinnu.

2. Önnur mál.

a) Næsti stjórnarfundur.

Næsti fundur verður föstudaginn 5. janúar kl. 13-15 í Borgartúni 27, 2 hæð.

b) Málþing FPR, FH og HA.

Formaður hefur áhuga á því að kynna niðurstöður þeirra kannana sem félagið stóð fyrir síðastliðið haust á sameiginlegu málþingi með FH og HA næsta vor. Málið verður á dagskrá næsta fundar.

c) Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiða á sviðum HÍ. Skýrsla starfshóps frá maí 2022. Framhald.

Ragna sagði frá fundi með rektor HÍ fyrir um daginn um útreikning á tímafjölda að baki námskeiða á sviðum HÍ og samræmingu í þeim efnum sbr. umræðu á síðasta stjórnarfundum 28. nóvember sl. Hún mætti f.h. félagsins á fundinn ásamt fulltrúum FH.

Í ljósi umræðu á fundinum er mikilvægt að FPR og FH sendi háskólaráði sameiginlega yfirlýsingu með hvatningu um að unnið verði að samræmingu um tímaútreikninga og að þess sé vænst að útkoman verði réttlát, sanngjörn og dragi úr álagi. Í þessari vinnu þarf að reikna út útkomuna fyrir hvert svið og deild fyrir sig áður en ákvörðun er tekin um útfærslu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.20.

Fundarritari: LP.